

## Tillaga

**Viðtakandi:** Bæjarráð Mosfellsbæjar

**Efni:** Tillaga - þjónusta við íbúa Skálatúns til framtíðar og samningar um nýtingu lands að Skálatúni.

**Dags:** 22. maí 2023

**Málsnúmer:** 202206678/10.6.0

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri

---

### Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki að Mosfellsbær undirriti eftirfarandi samninga og viljayfirlýsingu sem snúa að þjónustu við íbúa Skálatúns auk umsjónar með eignum Skálatúns og frekari uppbyggingu stofnana á svæðinu:

1. *Samkomulag Skálatúns, Mosfellsbæjar og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um yfirtöku Mosfellsbæjar á þjónustu við íbúa Skálatúnshéimilisins.*

Í samkomulaginu felst að velferðarsvið Mosfellsbæjar taki yfir þjónustu við núverandi íbúa Skálatúns frá og með 1. júlí 2023. Jafnframt mun Mosfellsbær taka yfir ráðningarsamninga starfsmanna í samræmi við ákvæði laga um aðilaskipti að fyrirtækjum. Jöfnunarsjóður greiðir Skálatúni rúmlega 420 m.kr. vegna skammtímaskulda Skálatúns, m.a. við Skattinn<sup>1</sup>. Þá veitir Jöfnunarsjóður Skálatúni viðbótarframlag að fjárhæð 20 m.kr. á mánuði apríl – júní.

2. *Samkomulag milli sjálfseignarstofnunarinnar X<sup>2</sup>, Mosfellsbæjar og Jöfnunarsjóðs.*

Til framtíðar verða eignir og aðstaða að Skálatúni nýtt í þágu barna og fjölskyldna.

Mosfellsbær skuldbindur sig til að bjóða öllum íbúum að Skálatúni, sem þess óska, tryggt búsetuform sem uppfyllir kröfur reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk á næstu 10 árum.

Mosfellsbær hefur afnot af núverandi húsnæði Skálatúns á meðan þörf er í þágu núverandi íbúa en húsnæði að Skálatúni verður afhent samhliða flutningi íbúa og/eða öðrum breytingum í aðstæðum hvers íbúa. Hafi afnotin áhrif á fyrirhugaða uppbyggingu miðstöðvar fyrir börn verður leitast við að semja sérstaklega um afnot og afhendingu húsnæðis. Fyrir afnot af sameiginlegu rými og aðstöðu til hæfingar greiðir Mosfellsbær húsaleigu 3 m.kr. á mánuði miðað við núverandi afnot.

Jöfnunarsjóður veitir Mosfellsbæ viðbótarframlag að fjárhæð kr. 588.000 pr. íbúa á mánuði, verðbætt, í 10 ár frá undirritun. Verður það framlag nýtt til að bæta, þróa og efla þjónustu við íbúa að Skálatúni.

Framsal lóðaréttinda til sjálfseignarstofnunarinnar X ses er bundið þeirri kvöð að framtíðaruppbygging á svæðinu verði einungis í þágu hagsmuna barna og fjölskyldna auk þess sem takmarkanir eru á framsali landsins.

---

<sup>1</sup> Skuldastaða m.v. 31. mars 2023. Staða 15. maí 2023 er 463 m.kr.

<sup>2</sup> Sjálfseignarstofnunin á eftir að fá nafn. Skjöl verða uppfærð um leið og nafn liggur fyrir.

3. *Viljayfirlýsing um uppbyggingu í málefnum barna.*

Viljayfirlýsingin lýtur að því að stofnanir ríkisins sem sinna málefnum barna ásamt fleiri samtökum og þjónustuaðilum barna, verði staðsett að Skálatúni í nokkurs konar miðstöð barna og fjölskyldna. Að viljayfirlýsingunni standa, mennta- og barnamálaráðherra, innviðaráðherra, Mosfellsbær og Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir. Er gert ráð fyrir að framangreindir aðilar stofni með sér samráðshóp um verkefnið sem verði leiddur af mennta- og barnamálaráðherra.

4. *Skipulagsskrá nýrrar sjálfseignarstofnunar*

Lagt er til að bæjarráð samþykki fyrirbyggjandi skipulagsskrá nýrrar sjálfseignarstofnunar X og þátttöku fulltrúa Mosfellsbæjar í stjórn hennar.

5. *Viðauki við fjárhagsáætlun*

Lagt er til að fjármálastjóra verði falið að undirbúa viðauka við fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar vegna málsins í samræmi við fyrirbyggjandi minnisblað þar sem er að finna drög að fjárhagsáætlun Skálatúns júlí – desember 2023.

Lagt er til að bæjarráð samþykki framangreint með þeim fyrirvara að aðrir samningsaðilar samþykki fyrirbyggjandi samninga og yfirlýsingar og önnur skjöl málinu tengd af sinni hálfu.

Þá er lagt fram til kynningar samkomulag milli sjálfseignarstofnunar Skálatúns og sjálfseignarstofnunarinnar X sem stofnuð verður af mennta- og barnamálaráðuneyti. Hin nýja sjálfseignarstofnun mun taka yfir allar fasteignir Skálatúns, þ.m.t. lóðaréttindi og yfirtaka samhliða veðskuldir sem á fasteignum hvíla. Mosfellsbær er ekki aðili að þessu samkomulagi en í samkomulaginu er vísað til þess að Mosfellsbær hafi samþykkt að lóðaréttindi séu framseld til nýrrar sjálfseignarstofnunar með framangreindum kvöðum. Tengt þessu samkomulagi var samþykkt yfirlýsing um stofnun styrktarsjóðs forvarnarverkefna í þágu barna.

**Greinargerð:**

Í forgrunni ákvarðana sem teknar verða um framtíð Skálatúns eru íbúar Skálatúns og þjónusta við þá sett í algeran forgang.

*Forsaga*

Allt frá árinu 1954 hefur fatlað fólk, fyrst eingöngu börn, búið og starfað að Skálatúni, sem þá bar heitið Barnaheimili Templara við Skálatún. Mest hafa 58 einstaklingar búið þar á sama tíma, en nú búa þar 33 einstaklingar, allt fullorðið fatlað fólk. Árið 1958 kom Styrktarfélag vangefinna, nú Ás styrktarfélag, að stjórn sjálfseignarstofnunar Skálatúns sem 50% samstarfsaðili en félagið sagði sig frá stjórn Skálatúns á árinu 2016.

Fyrir árið 2011 bar ríkið ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk, þar með talið fjármögnun á henni, samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992. Þar sem ríkið bar ábyrgð á þjónustu við fatlaða einstaklinga á landsvísu voru stofnanir eins og Skálatún nýttar til að veita einstaklingum sem höfðu búsetu hvaðan sem var af landinu en ekki eingöngu úr Mosfellsbæ. Hefur það m.a. haft í för með sér að hlutfall notenda þjónustu fatlaðs fólks af íbúafjölda sveitarfélagsins er hærra í Mosfellsbæ en í öðrum sveitarfélögum. Í neðangreindri töflu frá árinu 2020<sup>3</sup> má sjá að hlutfall fatlaðra íbúa í Mosfellsbæ er

Höfuðborgarsvæðið	Fjöldi íbúa	Fjöldi notenda	Hlutfall
Reykjavíkurborg	131.136	448	0,34%
Kópavogur	37.959	71	0,19%
Hafnarfjarðarkaupstaður	29.971	107	0,36%
Garðabær	16.924	46	0,27%
<b>Mosfellsbær</b>	<b>12.318</b>	<b>77</b>	<b>0,63%</b>
Seltjarnarnesbær	4.726	10	0,21%
Alls - Meðaltal	233.034	759	0,33%
Miðgildi	23.448	74	0,32%

<sup>3</sup> Mynd úr skýrslu HLÍ *i Skálatúns*, bls. 10

langt umfram önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfall fatlaðra íbúa í Mosfellsbæ er jafnframt næst hæst á landinu öllu.

Ábyrgð á málaflokki fatlaðs fólks var flutt frá ríkinu til sveitarfélaga þann 1. janúar 2011 líkt og framan greinir. Við undirbúning yfirlæsu málaflokksins var umræða um það hvort samningar við sjálfstæða aðila um þjónustu við fatlað fólk, þar á meðal Skálatún, ættu að vera hluti af yfirlæsu til sveitarfélaga eða ekki, en niðurstaðan varð sú að samningarnir myndu fylgja með við flutninginn.

Mosfellsbær undirritaði þjónustusamning við Skálatún sem tók gildi 1. janúar 2012. Rann sá samningur út í árslok 2014 en starfað hefur verið á grundvelli þess samnings í öllum meginatriðum síðan þá. Byggði sá samningur á samningi Skálatúns við félagsmálaráðuneytið frá árinu 2004. Segja má að frá árinu 2015 hafi verið ágreiningur á milli aðila um framlög til Skálatúns en Mosfellsbær hefur lagt til grundvallar að greiða ekki meira fyrir þjónustuna en fylgdi með við verkefnaflutning frá ríki til sveitarfélaga með vísun til þess að Skálatún var stofnun sem þjónaði fötluðu fólki af öllu landinu.

Frá 2017 til 2022 hafa verið unnar ýmsar úttektir á Skálatúni og fjárhagsstöðu stofnunarinnar og ákvarðanir teknar til að leita lausna á stöðunni. Þannig var unnin úttekt á rekstri og fjármögnun Skálatúns af RR ráðgjöf á árinu 2017, rekstrarúttekt af hálfu HLH ráðgjafar 2019, rekstrarúttekt af hálfu ÞIG ráðgjafar 2020, tillaga sáttasemjara innviðaráðuneytis að Pórey I. Guðmundsóttir taki að sér starf framkvæmdastjóra Skálatúns sem og valkostagreining HLH ráðgjafar vorið 2022.

Í kjölfar valkostagreiningar HLH samþykkti bæjarráð á fundi 27. júní 2022 að unnið yrði að því að Mosfellsbær tæki yfir rekstur, skuldbindingar og eignir Skálatúns. Jafnframt var samþykkt að skipa fulltrúa Mosfellsbæjar í þriggja manna starfshóp.

Starfshópurinn var skipaður Harald L. Haraldssyni, sem var formaður hópsins, skipaður af báðum aðilum, Birni S. Einarssyni frá Skálatúni og Sigurbjörgu Fjölisdóttur frá Mosfellsbæ. Frá fyrsta fundi var ljóst að mikið bar á milli aðila. Skálatún lagði fram verðmat á eignum og lóð unnið af Eignamiðlun og var gerð krafa um að Mosfellsbær yfirtæki reksturinn og greiddi Skálatúni mismun á verðmæti eigna og skulda, um 800 m.kr. Fulltrúi Mosfellsbæjar lagði fram hugmynd Mosfellsbæjar um að sá mismunur yrði nýttur í uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlaða íbúa Skálatúns og annarra fatlaðra íbúa Mosfellsbæjar. Bæjarlögmaður og bæjarstjóri komu inn í samningaviðræðurnar þegar líða tók á haustið og formaður starfshópsins lagði fram málamiðlunartillögur. Þrátt fyrir það var nokkuð langt á milli hugmynda aðila um lausn. Tvívegis sendu fulltrúar Skálatúns bæjarstjóra bréf þar sem tilkynnt var að Skálatún hætti rekstri annars vegar um áramót 2022/2023 og hins vegar 1. mars sl. ef samningar næðust ekki.

Í fyrirbyggjandi minnisblaði bæjarstjóra, framkvæmdastjóra velferðarsviðs, fjármálastjóra og bæjarlögmanns er forsaga málsins rakin með ítarlegri hætti.

### *Samningar um Skálatún*

Í byrjun árs 2023 kom fram sú hugmynd að mennta- og barnamálaráðuneytið kæmi að lausn málsins með það að markmiði að byggja upp miðstöð barna að Skálatúni. Frá þeim tíma hafa átt sér stað viðræður á milli aðila og liggja nú fyrir eftirfarandi samningar þar að lútandi:

#### *1. Samkomulag Skálatúns, Mosfellsbæjar og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um yfirtöku Mosfellsbæjar á þjónustu við íbúa Skálatúnshéimilisins.*

- 1.1. Velferðarsvið Mosfellsbæjar tekur yfir þjónustu við núverandi íbúa Skálatúns frá og með 1. júlí 2023. Samhliða falla niður allar skyldur sjálfseignarstofnunar Skálatúns.

- 1.2. Mosfellsbær mun yfirtaka ráðningarsamninga starfsmanna sem sinna aðstoð og þjónustu að Skálatúni í samræmi við ákvæði laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.
    - 1.2.1. Ekki verða breytingar á launum og öðrum starfskjörum starfsmanna
    - 1.2.2. Ekki er gert ráð fyrir að komi til uppsagna starfsmanna.
  - 1.3. Greiðslur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
    - 1.3.1. Jöfnunarsjóður greiðir Skálatúni kr. 422.108.789<sup>4</sup> vegna skammtímaskulda Skálatúns m.a. vegna opinberra gjalda, yfirdráttar og fyrirframgreiðslu af hálfu Mosfellsbæjar.
    - 1.3.2. Jöfnunarsjóður greiðir Skálatúni 20 m.kr. í viðbótarframlag vegna apríl – júní, alls 60 m.kr. með því skilyrði að verði fjármagnið ekki að öllu leyti nýtt 1. júlí þegar Mosfellsbær tekur yfir þjónustuna endurgreiði Skálatún það sem eftir stendur.
2. *Samkomulag milli sjálfseignarstofunnarinnar X, Mosfellsbæjar og Jöfnunarsjóðs*
- 2.1. Til framtíðar verður Skálatún, eignir og aðstaða nýtt í þágu barna og fjölskyldna.
  - 2.2. Mosfellsbær skuldbindur sig til að þjóða öllum íbúum að Skálatúni sem þess óska tryggt búsetuform sem uppfyllir kröfur reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016 sbr. og bráðabirgðaákvæði nr. II laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 á næstu 10 árum.
  - 2.3. Jöfnunarsjóður veitir Mosfellsbæ viðbótarframlag að fjárhæð kr. 588.000 pr. íbúa á mánuði, verðbætt, í 10 ár frá undirritun, sem nýtt verður til að bæta, þróa og efla þjónustu við íbúa að Skálatúni. Falli íbúi frá eða flytji úr sveitarfélaginu fellur framlag vegna viðkomandi niður. Greiðslan árið 2023 miðaðst við 34 íbúa, 20 m.kr. á mánuði, þar sem greiðslur miðast við fjölda íbúa í upphafi hvers árs.
  - 2.4. Mosfellsbær hefur afnot af núverandi húsnæði Skálatúns á meðan þörf er í þágu núverandi íbúa en húsnæði að Skálatúni verður afhent samhliða flutningi íbúa og/eða öðrum breytingu í aðstæðum hvers íbúa. Kom til þess að framangreind afnot hafi áhrif á fyrirhugaða uppbyggingu miðstöðvar fyrir börn verður leitast við að semja sérstaklega um afnot og afhendingu húsnæðis.
  - 2.5. Fyrir afnot af sameiginlegu rými og aðstöðu til hæfingar greiðir Mosfellsbær húsaleigu 3 m.kr. á mánuði miðað við núverandi afnot. Þannig er gert ráð fyrir að sú fjárhæð verði endurskoðuð í tengslum við afhendingu húsnæðis. Gerður verður sérstakur samningur varðandi afnot húsnæðis þar sem einnig verður fjallað um ábyrgð á viðhaldi.
  - 2.6. Núverandi íbúar að Skálatúni eiga forgang að íbúðarhúsnæði að Skálatúni og greiða sambærilega leigu og í félagslegu húsnæði Mosfellsbæjar.
  - 2.7. X ses. mun sjá um viðhald húsnæðis sem taki miði að af því að líklegt er að hluti húsnæðis víki með tímanum í tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu X ses. á lóðinni.
  - 2.8. Framsal lóðaréttinda til X ses. er bundið þeirri kvöð að framtíðaruppbygging á svæðinu verði einungis í þágu hagsmuna barna og fjölskyldna auk þess sem takmarkanir eru á heimild til framsals á landinu.

---

<sup>4</sup> Miðað við fjárhæð skulda 1. mars 2023.

### 3. Viljayfirlýsing um uppbyggingu í málefnum barna

- 3.1. Fyrir liggur viljayfirlýsing sem lýtur að því að stofnanir ríkisins, sem sinna málefnum barna ásamt fleiri samtökum og þjónustuaðilum barna, verði staðsett á sama svæði að Skálatúni í nokkurs konar miðstöð barna og fjölskyldna.
- 3.2. Að viljayfirlýsingunni standa, mennta- og barnamálaráðherra, innviðaráðherra, Mosfellsbær og Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir.
- 3.3. Með viljayfirlýsingunni lýsa aðilar yfir vilja sínum til að stuðla að framgangi verkefnisins og í því skyni verði stofnaður samráðshópur um verkefnið sem leiddur verði af mennta- og barnamálaráðherra.

### 4. Stofnun sjálfseignarstofnunarinnar X – skipulagsskrá.

- 4.1. Sjálfseignarstofnunin hefur að tilgangi að eiga, leigja og hafa umsjón með rekstri og viðhaldi fasteigna er tilheyra stofnuninni að Skálatúni í Mosfellsbæ, svo og að annast uppbyggingu fasteigna á svæðinu, í þágu og vegna opinberrar starfsemi á málefnasviði barna- og fjölskyldna.
- 4.2. Í stofnskrá er gert ráð fyrir að Mosfellsbær tilnefni einn af þremur stjórnarmönnum. Mikilvægar ákvarðanir, þ.m.t. varðandi ráðstöfun eigna stofnunarinnar verða aðeins teknar með samþykki allra stjórnarmanna. Þá er óheimilt að breyta skipulagsskrá nema með samþykki allra stjórnarmanna auk samþykkis mennta- og barnamálaráðherra og bæjarstjórnar Mosfellsbæjar.
- 4.3. Kvöð er um að ráðstöfun lóðar sem felur í sér að framtíðaruppbygging á landinu verði einungis í þágu barna og fjölskyldna þeirra. Þá er gert ráð fyrir að innan sex mánaða frá stofnun verði hafin skoðun á möguleikum þess að ríkissjóður taki yfir eignir og skuldir stofnunarinnar.

### 5. Viðauki við fjárhagsáætlun.

- 5.1. Lagt er til að fjármálastjóra verði falið að undirbúa viðauka við fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar vegna málsins í samræmi við fyrirbyggjandi minnisblað þar sem er að finna drög að fjárhagsáætlun Skálatúns júlí – desember 2023.
- 5.2. Áætlunin er byggð á fyrirbyggjandi reynslutölum frá Skálatúni en ekki unnin af forstöðumönnum einstakra stofnana líkt og tíðkast hjá Mosfellsbæ.
- 5.3. Gert er ráð fyrir kostnaði m.a. vegna samþættingar og mannaúsráðgjafar í tengslum við breytingarnar.
- 5.4. Í áætluninni er gert ráð fyrir um 35 m.kr. afgangi sem mun mæta launahækkunum en kjarasamningar runnu út í lok mars 2022 og vænta má afturvirktrar hækkunar þegar nýir kjarasamningar taka gildi.

### 6. Samkomulag milli sjálfseignarstofnunarinnar Skálatúns og X ses.

- 6.1. Sjálfseignarstofnunin X mun taka yfir allar fasteignir Skálatúns, þ.m.t. lóðaréttindi og yfirtaka samhliða áhvílandi veðskuldir sem á fasteignum hvíla.
- 6.2. Stofnaður verður styrktarsjóður forvarnarverkefna í þágu barna.

Málið verður til umræðu í ríkisstjórn þriðjudaginn 23. maí nk. Þá hefur stjórn sjálfseignarstofnunar Skálatúns samþykkt þá samninga sem varða sjálfseignarstofnun Skálatúns við eina umræðu og síðari umræða er áætluð miðvikudaginn 24. maí nk.

*Næstu skref:*

Fyrirliggjandi samningar fela í sér verulega breytingar á starfsemi Skálatúns og varða mikilvæg málefni íbúa og starfsmanna sem mikilvægt er að unnt sé að kynna fyrir íbúum, aðstandendum og starfsmönnum áður en þær verða gerðar opinberar. Er því ráðgert að kynna fyrir þeim aðilum að Mosfellsbæjar taki yfir þjónustu við íbúa og ráðningarsamband við starfsmenn á fundum sem fram fari eftir afgreiðslu bæjarráðs en áður en málið verður opinbert eftir afgreiðslu bæjarstjórnar. Þá er gert ráð fyrir að boðað verði til aukafundar í bæjarstjórn til að afgreiða málið síðdegis fimmtudaginn 25. maí nk. og í kjölfarið verði samningar undirritaðir af öllum aðilum við sameiginlega athöfn.

Gert er ráð fyrir að trúnaður ríki um málið að öðru leyti, þar á meðal um aðkomu mennta- og barnamálaráðuneytis vegna stofnunar mistöðvar barna auk framlags Jöfnunarsjóðs, fram yfir samþykki málsins á fundi bæjarstjórnar.

Málið er nú lagt fyrir bæjarráðs til samþykktar með þeim fyrirvara að aðrir samningsaðilar samþykki fyrirliggjandi samninga og yfirlýsingar og önnur skjöl málinu tengd af sinni hálfu.

Með vísan til framangreinds er lagt til að bæjarráð samþykki fyrirliggjandi tillögu.

*Virðingarfyllst,  
Regína Ásvaldsdóttir  
bæjarstjóri*

#### **Fylgiskjal:**

1. Minnisblað bæjarstjóra, framkvæmdastjóra velferðarsviðs, fjármálastjóra og bæjarlögmanns.
2. Samkomulag milli sjálfseignarstofnunarinnar Skálatúns, Mosfellsbæjar og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um yfirtöku Mosfellsbæjar á þjónustu við íbúa Skálatúns.
3. Samkomulag milli Mosfellsbæjar, X ses. og Jöfnunarsjóðs.
4. Viljayfirlýsing um uppbyggingu í málefnum barna
5. Skipulagsskrá fyrir X ses.
6. Samkomulag milli sjálfseignarstofnunarinnar Skálatúns og X ses.
7. Minnisblað fjármáladeildar um fjárhagsáætlun Skálatúns júlí-desember 2023.